

19. MAI 2020

Til sveitarstjóra Dalabyggðar.

Bréfalykili. 10.07.04

Með tölvubréfi sveitarstjóra Dalabyggðar til formanns Hnúksness ehf. 27. apríl sl. var óskað eftir afstöðu félagsins til framtíðarfyrirkomulags í Hnúksnesi. Var þá verið að vísa til bátabrautarinnar og bryggjunnar sem liggur undir skemmdum. Þá er tekið fram í bréfinu að gagnlegt væri fyrir Dalabyggð að fá upplýsingar um hverjar séu fyrirætlanir Hnúksness ehf. um framtíðarstarfsemi og umgengni á staðnum að því marki sem það sé á forræði félagsins. Þá er einnig vísað til minnisblaðs sveitarstjóra til byggðaráðs Dalabyggðar 23. apríl sl. um bátabrautina í Hnúksnesi og fleiri atriði er varða félagið.

Af þessu tilefni þykir nauðsynlegt að rifja upp nokkur atriði úr sögu félagsins og fyrri starfsemi þess.

Hinn 15. október 1967 var gerður leigusamningur milli Sigurðar Ágústssonar alþingismanns í Stykkishólmi og Jóhannesar Sigurðssonar hreppstjóra um lóð úr landi jarðar hans Hnúks í Klofningshreppi undir verslunarhús, sláturhús, frystihús o.fl. Árum saman voru fastar áætlunarferðir milli Stykkishólms og Hnúksness með Hnúksness- eða Langeyjarnessbát sem styrktur var árlega af fjárlagafé til flóabáta og vöruflutninga. Eftir að Sigurður hætti starfsemi sinni í Hnúksnesi voru mannvirkir þar ásamt lóðarréttindum seld Hnúksnesi hf. árið 1972 sem hóf þar rekstur frystihúss með frystihólfum til útleigu fyrir almenning í nærliggjandi byggð. Stóð sú starfsemi til ársloka 2003 er leigu frystihólfra var hætt.

Árið 1989 eignuðust Sveinn Skúlason og Þórólfur Halldórsson Hnúk I og Hnúk II en 1994 seldi Þórólfur Sveini eignarhluta sinn í jörðinni.

Allt frá þeim tíma er starfsemi félagsins var hætt hefur félagið sætt stöðugum tilraunum landeigenda til að rifta leigusamningi aðila og koma í veg fyrir nýtingu félagsins á eignum sínum. Þá hefur félagið verið krafið um mun hærri lóðarleigu en stoð var fyrir í samningi aðila. Hefur félagið ítrekað þurft að verja hendur sínar vegna málsókna af hálfu landeigenda, sem þeir hafa reyndar öllum tapað fyrir dómstórum. Þá hefur félagið ekki um árabil haft samningsbundin afnot af gjaldfrjálsu neysluvatni úr landi jarðar landeigenda.

Um bryggjuna í Hnúksnesi og lendingaraðstöðu þar hefur heldur ekki ríkt friður. Félagið átti frumkvæði að því að fá fjárveitingu að fjárhæð 900.000 kr. á fjárlögum fyrir árið 2005 til lendingarbóta í Hnúksnesi. Afstaða landeigenda til endurbóta við bryggjuna og kæra til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála leiddi til þess að fjárveitingin fél niður.

Allt þetta hefur skiljanlega dregið þrótt úr félagsmönnum og gert það að verkum að félagið hefur ekki getað sinnt viðhaldi eigna sinna sem skyldi eða haft möguleika á því að koma þar á fót annarri starfsemi. Engan bilbug er þó að finna á félagsmönnum sem hafa bætt fjarhagsstöðu félagsins með hlutafjáruaukningu og útleigu húsanna í Hnúksnesi. Leigutakar munu annast viðhald bygginganna og lagfæringar á þeim. Þá stendur til að fjarlægja allt drasl og rusl sem er á svæðinu í kringum húsin, sem getið er um í minnisblaði sveitarstjóra. Eiganda prammans sem legið hefur við bryggjuna verður gert að fjarlægja hann.

Leigutakar að neðra húsinu, gamla frystihúsinu, eru núna Kjartan Eggertsson og bræður hans, sem nýta það að hluta til geymslu báta sinna sem notaðir eru til siglinga frá Hnúksnesi út í Fremri-Langey, sem er stutt og örugg siglingaleið. Fjölmargir myndu nýta sér aðgengi að traustri bryggju í Hnúksnesi, ef hún væri til staðar, svo sem þeir sem eiga og nýta hlunnindi í nálægum eyjum og aðrir þeir sem vegna atvinnurekstrar á svæðinu þurfa að hafa aðgang að bryggju. Sú aðstaða væri mjög þýðingarmikil í sambandi við ferðaþjónustu en einng nauðsynleg fyrir björgunarsveitir og aðra þá er að öryggismálum koma.

Dalabyggð hefur af því hagsmuni að greið leið sé til sjávar og siglinga frá Hnúksnesi, eins og verið hefur um áratuga skeið. Sveitarstjórn hefur og gætt þessara hagsmunu sinna með því að vera lengst af hluthafi í Hnúksnesi ehf. og átt fulltrúa í stjórn félagsins. Þá gerði Fellssrandarhreppur fyrirvara í afsali vegna sölu jarðarinnar 1989 um „ótakmörkuð afnot af landskika í Hnúksnesi umhverfis númerandi byggingar og önnur mannvirki við bryggjuna. „... Í ljósi þess er eðlilegt stjórn Hnúksness ehf. leitið eftir því að Dalabyggð leggi félagini lið til lagfæringar á bryggjunni í Hnúksnesi, en það verður ekki unnt að gera nema með aðkomu opinberra aðila.

Að því er varðar fyrirætlanir Hnúksness ehf. um framtíðarstarfsemi, þá hafa ýmsir möguleikar verið ræddir í því sambandi, meðal annars ferðaþjónusta, því „Hnúksnesið og svæðið þar í kring gæti haft mikið aðdráttarafl“ ... eins og segir í fyrrnefndu minnisblaði sveitarstjóra. Með von um jákvæðar undirtektir.

14  
Hveragerði, xx. maí 2020.

Virðingarfyllst,  
f. h. stjórnar Hnúksnes ehf.

Magnús Ástvaldsson, formaður

